

Hæfilegt þykir að skipta sök þannig, að ökumaður K-671 beri $\frac{1}{3}$ hluta hennar, en stefnandi sjálfur $\frac{2}{3}$ hluta.

Ber samkvæmt þessu að dæma stefndu til að greiða stefnanda $\frac{1}{3}$ hluta tjóns hans eða kr. 51.667,00 ásamt vöxtum eins og krafist er, en í málinu er ekki tölulegur ágreiningur um kröfur stefnanda.

Samkvæmt framansögðu ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað sem telst hæfilega ákveðinn kr. 35.000,00.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Jón Jóhannsson og Samvinnutryggingar g.t., greiði stefnanda, Guðmundi Péturssyni, in solidum kr. 51.667,00 ásamt 9% ársvöxtum frá 11. nóv. 1986 til 21. jan. 1987, 10% ársvöxtum frá þ.d. til 14. apríl s.á., en dráttarvöxtum samkv. 10. gr. l. 25/1987 frá þ.d. til greiðsludags og kr. 35.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 9. júní 1988.

Nr. 154/1988. Jón Ó. Ragnarsson

gegn

Iðnþróunarsjóði.

Kærumál. Skuldamál. Vitni.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir.

Sóknaraðili hefur með heimild í 4. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 19. maí sl., sem barst Hæstarétti 25. s.m. Hann krefst þess aðallega að hinum kærða úrskurði verði hrundið og vitnaleiðslur verði heimilaðar í málinu, en til vara að heimilað verði að leiða tvö nafngreind vitni svo og að sóknaraðila verði heimil aðilaskýrsla fyrir dómi. Hann krefst kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærsmálskostnaðar.

Valtýr Sigurðsson borgarfégeti kvað upp 19. maí sl. hinn kærða úrskurð, sem er án forsendna og hljóðar svo: „Kröfu varnaraðila Jóns Ragnarssonar um að leiða vitni í máli þessu er hafnað.“ Hann hefur sent dóminum athugasemdir samkvæmt 27. gr. laga nr. 75/1973. Þær eru svohljóðandi:

I.

„Með uppboðsbeiðni dags. 14. ágúst 1987 óskaði Iðnþróunar-sjóður nauðungaruppboðs á hluta fasteignarinnar nr. 56 við Hverfis-götu, Reykjavík til greiðslu eftirstöðva veðskuldabréfs að upphæð USD 39.613,73 auk vaxta og kostnaðar. Í uppboðsrétti 15. febrúar 1988 komu fram mótmæli eiganda eignarinnar gegn því að fram færi annað og síðara uppboð á eigninni. Mótmæli þessi voru tekin fyrir í uppboðsrétti þann 23. s.m. og þá ákveðið að reka um ágreining aðila sérstakt uppboðsréttarmál sem þingfest var 11. mars s.á.

Í greinargerð varnaraðila, sem lögð var fram í uppboðsrétti 12. apríl sl., kemur fram að hann kveður skuld skv. veðskuldabréfinu nema USD 33.184,97 og sé sú skuld ekki í vanskilum. Byggir hann á því að hann hafi árið 1986 samið við þáverandi iðnaðarráðherra, Albert Guðmundsson, um að andvirði tiltekinna víxla, sem innheimtir yrðu hjá Othari Erni Petersen hrl. rynni til greiðslu á skuldinni eftir því sem víxlar þessir greiddust. Óskaði varnaraðili eftir að leiða þessa menn sem vitni í uppboðsrétti auk þess sem óskað var að varnaraðili gæfi aðilaskýrslu fyrir réttinum til að bera um þetta atriði.

Í uppboðsrétti 19. maí sl. krafðist sóknaraðili þess að fram færi uppboð á eigninni fyrir USD 33.184,97 eða viðurkenndri skuld varnaraðila. Varnaraðili tilkynnti að varnaraðili væri erlendis og óskaði að málinu yrði frestað og að hann fengi að leiða vitni. Sóknaraðili mótmælti að vitni væru leidd í málinu um áðurgreind mótmæli vegna XVII. kafla laga nr. 85/1936 og krafðist úrskurðar um það atriði.

II.

Sóknaraðili hefur krafist uppboðs á hluta fasteignarinnar nr. 56 við Hverfisgötu á grundvelli veðskuldabréfs útg. 8. ágúst 1977. Í veðskuldabréfi þessu eru ákvæði þess efnis að leita megi fullnægju í hinni

veðsettu eign og láta selja hana á nauðungaruppboði án undangengins dóms eða sáttar skv. 15. gr. laga 16. des. 1885 eða selja hana á uppboði án dóms, sáttar eða aðfarar skv. 39. gr. laga nr. 95/1947 sbr. 3. gr. laga nr. 18/1887. Mál er rísa kunna út af skuld eða veðsetningu skv. veðskuldabréfinu skulu rekin fyrir bæjarþingi Reykjavíkur samkvæmt XVII. kafla laga nr. 85/1936 eftir því sem í veðskuldabréfinu greinir.

Samkvæmt framlögðum skjölum er veðskuldabréf þetta í vanskilum frá 1. október 1982 og óumdeilt er að gjaldfallin skuld samkvæmt því nemur ekki lægri fjárhæð en USD 33.184,97. Varnir þess efnis að sú skuld sé ekki í vanskilum fengju ekki að komast að, ef mál þetta væri rekið fyrir almennum héraðsdómstól skv. XVII. kafla laga nr. 85/1936. Varnaraðili hefur ekki viðtækari rétt í þeim efnum fyrir uppboðsrétti. Þá ber til þess að líta að hraða ber málsmeðferð fyrir uppboðsrétti og að gagnaöflun verður þar ekki leyfð nema að takmörkuðu leyti. Dómari telur því að gegn andmælum sóknaraðila hafi borið að synja um umbeðna vitnaleiðslu.“

Í skuldabréfinu frá 8. ágúst 1977 segir, að skuldin samkvæmt bréfinu endurgreiðist á næstu 10 árum með jöfnum misserislegum afborgunum, hinn 1. apríl og 1. október ár hvert þar til lánið sé að fullu greitt. Fyrsta afborgun fari fram hinn 1. október 1978.

Sóknaraðili segir aðalkröfu sína reista á því, að honum sé heimilt að leiða þau vitni, sem hann telur nauðsynlegt og eftir því sem gagnaöflun segir til um. Varakröfuna telur hann taka til þeirra nafngreindu vitna, sem hann í greinargerð sinni áskilji sér að leiða. Hann telur að úrslit málsins geti oltið á framburði vitna og hans sjálfs. Þá séu ekki efni til uppboðskröfunnar og deilt sé um hvort stjórn stefnda hafi tekið lögmætar ákvarðanir um vaxtafót af skuldinni. Þessar varnir geti verið innan XVII. kafla einkamálalaganna, svo krafa varnaraðila um að uppboðsmálið verði rekið samkvæmt fyrirmælum þess kafla skipti hér ekki máli.

Varnaraðili telur hins vegar ekki fyrir hendi rétt til að leiða vitni í málinu eða taka skýrslu af sóknaraðila og vísar í því sambandi sérstaklega til 3. mgr. 208. gr. laga nr. 85/1936.

Ekki kemur til álita að greiða úr því á þessu stigi uppboðsmálsins, hvaða vaxtafót skuli nota við útreikning vaxta af skuldinni. Bíður það úthlutunar uppboðsandvirðis, ef af uppboði verður. Með tilvísun til

3. mgr. 208. gr. og 1. mgr. 209. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Kærumálskostnaður fellur niður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður skal vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 9. júní 1988.

Nr. 223/1987. **Protabú Heimis hf.**

(Örn Höskuldsson hdl.)

gegn

Oliuverslun Íslands hf.

(Jón Ingólfsson hdl.)

Gjaldprotaskipti. Skuldaröð. Veðréttindi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson og Hjörtur Torfason, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. júlí 1987, að fengnu áfrýjunarleyfi 10. sama mánaðar. Hann gerir þær dómkröfur aðallega að kröfum stefnda Oliuverslunar Íslands hf. í protabú Heimis hf. að fjárhæð kr. 617.291,95 ásamt vöxtum til frestdags 20. maí 1985 verði skipað með almennum kröfum í protabúið en vextir eftir frestdag verði eftirstæðar kröfur.

Til vara krefst hann þess að einungis verði viðurkenndur réttur stefnda til stöðu utan skuldaraðar vegna afborgana nr. 7 að fjárhæð